

AUGLÝSING

um samþykkt breytinga á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt breytingar á deiliskipulagi sem hér segir:

Laugabólsland í Mosfellsdal.

Vegna nýs deiliskipulags fyrir Þingvallaveg í Mosfellsdal breytist afmörkun deiliskipulags Laugabólslands í Mosfellsdal. Afmörkunin við Þingvallaveg færist til suðurs og nær að veghelgunarmörkum Þingvallavegar í stað þess að liggja að Þingvallavegi sjálfum. Einnig eru teknar inn á uppdráttinn þær breytingar sem gerðar voru 13. mars 2013, 15. nóvember 2013 og 12. mars 2015 en aðrar breytingar voru þegar komnar inn á heildaruppdráttinn.

Kirkjumór.

Vegna nýs deiliskipulags fyrir Þingvallaveg í Mosfellsdal breytist afmörkun deiliskipulags Kirkjumós. Afmörkunin við Þingvallaveg færist til suðurs og nær að veghelgunarmörkum Þingvallavegar í stað þess að liggja að Þingvallavegi sjálfum.

Lóð úr landi Lundar.

Vegna nýs deiliskipulags fyrir Þingvallaveg í Mosfellsdal breytist afmörkun deiliskipulags við Suðurá í landi Lundar. Afmörkunin við Þingvallaveg færist til suðurs og nær að veghelgunarmörkum Þingvallavegar í stað þess að liggja að Þingvallavegi sjálfum. Einnig er reiðleið meðfram Þingvallavegi tekin út.

Lundur, garðyrkjubýli.

Vegna nýs deiliskipulags fyrir Þingvallaveg í Mosfellsdal breytist afmörkun deiliskipulags Lundur, garðyrkjubýlis. Afmörkunin í suðri færist aðeins til norðurs að veghelgunarmörkum Þingvallavegar.

Spilda úr landi Hraðastaða 1.

Vegna nýs deiliskipulags fyrir Þingvallaveg í Mosfellsdal breytist afmörkun deiliskipulags spildu úr landi Hraðastaða 1. Afmörkun deiliskipulagsins er breytt til norðurs og austurs og er að mestu leyti miðuð við veghelgunarlínu Þingvallavegar en í norðaustur horninu við gatnamót Þingvallavegar og Helgadalsvegur er í deiliskipulagi Þingvallavegar gert ráð fyrir nýju hringtorgi og undirgöngum og nær breytingin út fyrir veghelgunarlínuna vegna stíga og undirganga.

Helgadalsvegur 3, 5 og 7.

Vegna nýs deiliskipulags fyrir Þingvallaveg í Mosfellsdal breytist afmörkun deiliskipulags Helgadalsvegur 3, 5 og 7. Afmörkun deiliskipulagsins til norðurs er breytt og fylgir suðurmörkum deiliskipulags Þingvallavegar.

Ofangreindar breytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 26. mars 2019,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.